# VIÐAR ÞEKJANDI

| | |
|---|---|
| **Gerð:** | Vatnsþynnt þekjandi olíu-akrýl viðarvörn. |
| **Notkunarsvið:** | VIÐAR ÞEKJANDI er ætluð á við utanhúss hvort sem er á nýjan við eða til endurmálunar. |
| **Eiginleikar:** | VIÐAR þekjandi viðarvörn er seigfljótandi, vatnsþynnanleg, létt í vinnslu og myndar þekjandi, hálfgljáandi, sterka, vatnsfráhrindandi, veður- og ljósþolna filmu<br>VIÐAR ÞEKJANDI er einfaldur í notkun og minnkar losun á lífrænum leysum samanborið við klassíska viðarvör. |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---|---|
| **Stofnar:** | HVÍTUR (Stofn A) og Stofn C |
| **Litir:** | Hægt að lita í fjölda lita. |
| **Gljástig:** | Hálfgljáandi |
| **Efnisnotkun:** | 6-8 $m^2$/l óheflaður viður<br>8-12 $m^2$/l heflaður viður |
| **Pakkningar:** | 1,0 l og 4,0 l |
| **Áhöld:** | Mjúkur pensill eða rúlla |
| **Þurrktími og yfirmálun:** | Snertiþurrt eftir um 1-2 klst.<br>Yfirmálun eftir um 8 klst við 10°C og 60% hlutfallsraka lofts (%HR). Yfirborðið getur verið viðkvæmt fyrstu dagana. |
| **Eðlismassi:** | ~1,3 g/ml |
| **Þurrefni:** | ~45% |
| **Geymsla:** | Geymið í lokuðum umbúðum dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa. |
| **VOC:** | Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/f 130 g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 20 g/l |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

## VERKLÝSING

| | |
|---|---|
| **Undirbúningur:** | Fjarlægið öll óhreinindi og gróður með viðeigandi efnum. Viðarkvoðu skal skafa burt og þrífa. Fjarlægið lausa gamla málningu, gráma og fúinn við. Mattið gljáandi fleti.<br>Rakastig viðarins skal vera undir 18% við málun, en um 12% á gluggum og hurðum.<br>Beran við skal meðhöndla með VIÐAR trévörn og grunna með VIÐAR grunnmálningu. |
| **Notkunar aðstæður:** | Heppilegast er að flöturinn sé yfir 5°C og ekki heitari en 25°C. Loftraki þarf að vera undi 80%. Bíðið með notkun ef búast má við rigningu eða ef aðstæður eru óhentugar fyrir notkun. Forðist að vinna í beinu sólarljósi. |
| **Vinnutilhögun:** | Fyrir notkun skal hræra upp í viðarvörninni. Nota má pensil eða rúllu. Málið 2-3 umferðir með VIÐAR þekjandi viðarvörn. Málið fjöl fyrir fjöl og notið pensil til að fá jafna og fallega áferð. Notið sama framleiðslunúmer fyrir samliggjandi fleti. |
| **Hreinsun áhalda:** | Með volgu sápuvatni eða penslasápu strax eftir notkun. |
| **Athugið:** | Eftir opnun minnkar geymsluþol.<br>Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs. |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.